

SKÝRSLA

UM FRAMKVÆMD MÓTTÖKU Á PAPP- OG PLASTUMBÚÐUM SEM BERAST MEÐ SÖFNUNARKERFI SVEITARFÉLAGA

Unnin af nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra
29. september 2005 og starfaði í framhaldi af nefnd
sem starfaði samkvæmt 2. mgr. ákvæðis II
til bráðabirgða við lög um úrvinnslugjald

Mars 2006

Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2006

Virðulegi ráðherra,

hinn 29. september sl. skipuðu þér nefnd til að fjalla um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga. Fulltrúa í nefndinni áttu Félag íslenskra stórkaupmanna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Neytendasamtökin, Samtök atvinnulífsins, Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóður og ráðuneytið. Nefndin var skipuð í framhaldi af starfi nefndar sem fjallaði um sama málefni og starfaði frá janúar til júní árið 2005, þar sem í ljós kom að þekking og reynsla fyrri nefndar gæti nýst áfram þar til móttaka á umbúðum sem falla til á heimilum myndi hefjast 1. mars 2006.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilar meðfylgjandi skýrslu með tillögum sínum í samræmi við það verkefni sem henni var falið. Nefndin hélt 16 fundi.

Stærstu verkefni nefndarinnar voru undirbúningur og úrvinnsla málþings um umbúðaúrgang frá heimilum sem nefndin hélt 14. nóvember sl., úrvinnsla úr tillögum ráðgjafa sem Úrvinnslusjóður fékk frá Mepex Consult AS í Noregi og yfirferð vegna hugmynda fyrri nefndar um tilraunaverkefni, viðræður við hagsmunaaðila í því sambandi og tillaga að nýrri nálgun á því verkefni.

Tillögur nefndarinnar eru settar fram í sjö töluliðum í 9. kafla í meðfylgjandi skýrslu. Í tillögum sínum hefur nefndin að mestu leyti haldið sig við það verkefni sem henni var falið, að fjalla um framkvæmd móttöku pappa- og plastumbúða sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga, þ.e.a.s. það sem kemur frá heimilum. Einnig eru settar fram tillögur sem ekki varða heimilin með beinum hætti. Sama má segja um nokkrar tillögur sem framangreindur ráðgjafi setti fram. Nefndin vill benda á mikilvægi þess að mál er varða úrvinnslu úrgangs séu skoðuð og unnin heildstætt. Þannig að í framkvæmd sé ekki greint á milli þess hvort um sé að ræða umbúðaúrgang eða annan úrgang eða hvort úrgangur komi frá heimilum eða rekstri. Ávallt sé valin sú leið sem sé hagkvæmari og markvissari, óháð uppruna úrgangsins. Nefndin telur því mikilvægt að umhverfisráðuneytið, Úrvinnslusjóður og Umhverfisstofnun fari einnig yfir tillögur ráðgjafans og komi þeim í farveg eftir því sem við á.

Í starfi nefndarinnar kom ítrekað fram mikilvægi þess að efla fræðslu og kynningu um úrgang, þ.e.a.s. fræðslu um úrvinnslu úrgangs og hvernig hægt er að draga úr myndun hans. Ljóst er að margt má bæta í þessum efnum bæði hvað varðar fræðslu og kynningu fyrir almenning svo og fyrir atvinnulífið í landinu. Nefndin telur mikilvægt að þessi þáttur verði eflður til muna.

Á starfstíma nefndarinnar frá því í september sl. hefur ýmislegt áunnist. Auk þess að Úrvinnslusjóður fékk erlendan ráðgjafa til að meta stöðuna hér á landi og nefndin hélt málþing um umbúðaúrgang frá heimilum hefur Úrvinnslusjóður gengið frá og gefið út nýja skilmála fyrir umbúðir úr pappa og plasti. Í síðasta mánuði lauk störfum önnur nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra og hafði það verkefni að gera tillögur um skýrari verka- og kostnaðarskiptingu milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga. Niðurstaða þeirrar nefndar var að Úrvinnslusjóður skuli bera ábyrgð á að tölulegum markmiðum um endurnýtingu úrgangs sé náð. Nefndin, sem


skilar af sér núna, lítur þannig á að eftir sem áður þurfi í svæðisáætlunum um meðhöndlun úrgangs að gera grein fyrir leiðum til að auka endurnotkun og endurnýtingu úrgangs svo og förgunarleiðum. Mikilvægt er að tölulegar upplýsingar berist frá Úrvinnslusjóði til sveitarfélaga og sorpsamlaga til að vinna með og að eftirlit með svæðisáætlunum verði markvisst.


Nefndin fékk skýr skilaboð þess efnis að allir ættu að eiga sama möguleika á þátttöku varðandi skil á úrgangi til endurnýtingar þó svo að markmiðum verði náð á landsvísu. Íbúar og sveitarfélög á landsbyggðinni vilja hafa sömu möguleika til að stuðla að endurnýtingu og íbúar og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin tekur undir þetta og bendir á að markmið laga um úrvinnslugjald sé að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu þannig að dregið verði úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og meðal markmiða laga um meðhöndlun úrgangs er að úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu eftir því sem kostur er.


Nefndin vonar að vinna hennar komi að gagni við frekari framgang þessara mála og þau skref sem verið er að taka varðandi söfnun og endurnýtingu umbúðaúrgangs megi vera til framfara fyrir land og þjóð.


Virðingarfyllst


Sigurbjörg Sæmundsdóttir
formaður



Andrés Magnússon
tilnefndur af Félagi ísl. stórkaupmanna



Björn H. Halldórsson
tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga


Bryndís Skúladóttir
tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins


Guðmundur Guðlaugsson
tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga


Gunnlaug Einarsson
tilnefnd af Umhverfisstofnun


Íris Gunnarsdóttir
tilnefnd af Úrvinnslusjóði


Jóhannes Gunnarsson
tilnefndur af Neytendasamtökum

NEFND SEM FJALLAR UM FRAMKVÆMD MÓTTÖKU Á PAPP- OG PLASTUMBÚÐUM SEM BERAST MEÐ SÖFNUNARKERFI SVEITARFÉLAGA

Nefnd sem fjallaði um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga var skipuð þann 17. janúar 2005 samkvæmt 2. mgr. í ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í júní 2005 og lauk þar með störfum. Í skýrslunni var m.a. lagt til að nefndin starfaði tímabundið áfram. Ráðherra skipaði í framhaldi af því nýja nefnd sem skyldi starfa til 1. mars 2006. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim atriðum sem síðari nefndin fjallaði um og greint nánar frá störfum hennar.

1. Skipun síðari nefndar.

Með bréfi, dags. 29. september 2005, skipaði ráðherra nýja nefnd með fulltrúum frá sömu aðilum og störfuðu í fyrri nefndinni auk þess sem við bættust fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, Félagi íslenskra stórkaupmanna og Neytendasamtökunum. Í síðari nefndinni voru nefndarmenn sem hér segir:

- Sigurbjörg Sæmundsdóttir, umhverfisráðuneyti, formaður
- Andrés Magnússon, tilnefndur af Félagi ísl. stórkaupmanna
- Björn H. Halldórsson, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga
- Bryndís Skúladóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
- Guðmundur Guðlaugsson, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga
- Gunnlaug Einarsdóttir, tilnefnd af Umhverfisstofnun
- Íris Gunnarsdóttir, tilnefnd af Úrvinnslusjóði
- Jóhannes Gunnarsson, tilnefndur af Neytendasamtökunum

Nefndin hélt 16 fundi.

2. Skýrslan kynnt hagsmunaaðilum.

Skýrsla fyrri nefndar „*Skýrsla um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga*“ gefin út í júní 2005, var kynnt hagsmunaaðilum. Með bréfi, dags. 10. ágúst 2005 sendi umhverfisráðuneytið skýrsluna eftirtöldum aðilum til umfjöllunar:

- Félagi íslenskra stórkaupmanna
- Samtökum atvinnulífsins
- Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Umhverfisstofnun
- Úrvinnslusjóði

Óskað var eftir að ábendingar og afstaða yrðu sendar ráðuneytinu. Einungis barst umsögn frá Samtökum atvinnulífsins. Aðrir umsagnaraðilar komu afstöðu sinni á framfæri í nefndinni þar sem fulltrúar þeirra sátu. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins frá 20. september 2005 kemur eftirfarandi fram:

Minnt er á að ábyrgð á söfnun heimilisúrgangs er hjá sveitarfélögum og úrvinnslugjaldi er ætlað að vera fjárhagslegur hvati til að beina endurvinnslu úrgangs í hagkvæman farveg. Samtök atvinnulífsins benda á að rétt sé að uppfylla markmið evrópugerða á sem hagkvæmastan hátt með þeim umbúðum sem auðveldast er að ná til. Samtökin telja ýmsar tillögur sem fram koma í skýrslunni góðar og liggja beint við, svo sem að taka fleiri umbúðir inni söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar. Varðandi tillögur um skilagjald líta þau svo á að það sé leið sem grípa megi til þegar stefnt er að því að ná nær öllu því sem til fellur af tilteknum úrgangi út úr almennum úrgangsstraumum eða ef aðrar leiðir hafa verið reyndar án fullnægjandi árangurs. Þau telja ekki tímabært að útvíkka skilagjaldskerfið að svo stöddu þó laga megi

núverandi kerfi að breyttum markaðsaðstæðum. Varðandi tillögur nefndarinnar um að útfæra framleiðendaábyrgð þannig að neytendur skilji umbúðir eftir í verslunum, eða skili þeim til söluaðila, telja samtökin það ekki vera hagkvæmt. Bent er á að dýr verslunaraðstaða sé til flestra hluta hentugri en uppsöfnunar úrgangs auk þess sem óljóst er hvernig framleiðendaábyrgð yrði flutt yfir á þriðja aðila, þ.e.a.s. smásalann.¹

3. Tillögur fyrri nefndar.

Lagðar voru fram tillögur í 18 liðum í skýrslu fyrri nefndar frá því í júní 2005. Eftirfarandi eru helstu tillögur nefndarinnar:

- ▶ Fenginn verði erlendur ráðgjafi til að meta stöðuna hér á landi.
- ▶ Haldið verði málþing um umbúðaúrgang.
- ▶ Farið verði út í tilraunaverkefni um söfnun umbúða frá heimilum.
- ▶ Skilin milli úrvinnslugjaldskerfisins og skilagjaldskerfisins verði skýrð.
- ▶ Skoðað verði hvort vænlegt sé að fleiri tegundir umbúða beri skilagjald.
- ▶ Úrvinnslusjóði og Endurvinnslunni hf. verði falið að gera tillögu um hvaða umbúðir eigi að taka inn í skilagjaldskerfið, tillögu að upphæð skilagjaldsins og breytingar á fyrirkomulaginu.
- ▶ Skilmálar um greiðslur Úrvinnslusjóðs fyrir endurnýtingu umbúða sem falla til á heimilum verði skilgreindir fyrir 1. febrúar 2006.
- ▶ Söfnun umbúða verði komið á í skrefum þótt úrvinnslugjald verði lagt á allar umbúðir 1. janúar 2006.
- ▶ Kynning og fræðsla verði aukin.
- ▶ Úrvinnslusjóður haldi áfram að vinna að vistferilsgreiningu samhliða kostnaðargreiningu.
- ▶ Úrvinnslusjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, verði falið að gera tillögu um næstu skref fyrir 15. desember 2006.

4. Ráðgjafi Úrvinnslusjóðs.

Úrvinnslusjóður samdi við Peter Sundt hjá ráðgjafarstofunni Mepex Consult AS í Noregi. Peter var áður framkvæmdastjóri Plastretur í Noregi. Plastretur AS og Returkartong voru nýlega sameinuð í Emballasjeretur AS en það er fyrirtæki sem sér um að koma umbúðaúrgangi úr plasti og samsettum pappírsumbúðum, í Noregi, til úrvinnslu. Peter kom tvisvar til Íslands og fundaði með fulltrúum þeirra sem koma að þessum málum hér á landi, bæði frá atvinnulífi og frá stjórnvöldum. Peter hélt tvö erindi á málþingi um umbúðaúrgang og skilaði samantekt, í formi minnisblaðs, til Úrvinnslusjóðs eftir síðari heimsókn sína. Nefndin ræddi við Peter Sundt þegar hann var hér á landi, fór yfir fyrirlestra hans, tillögur og framangreint minnisblað sem hann skilaði til Úrvinnslusjóðs.

Í niðurstöðum sínum leggur Peter áherslu á sérstöðu Íslands og að varast ætti að taka lausnir beint upp frá öðrum þjóðum án skoðunar. Hann bendir á að Ísland er stutt á veg komið í endurnýtingu miðað við nágrannaþjóðirnar. Markmið varðandi endurnýtingu hér á landi eru í samræmi við markmið sem fram koma í gerðum Evrópubandalagsins (EB) en með allt að 3ja ára lengri aðlögunartíma. Sumar Norðurlandþjóðir hafa sett sér endurnýtingarmarkmið umfram það sem fram kemur í EB-gerðum. Að mati Peters er jafnvel auðveldara að ná árangri með því að setja fram metnaðarfullri markmið. Til að ná settum markmiðunum telur Peter æskilegt að sett verði sérstök undirmarkmið fyrir bylgjupappa, plastfilmu og heyrúlluplast fyrir árið 2006 og jafnvel árin 2007 og 2008. Hann leggur til að árið 2006 verði gert að „ári bylgjupappans“. Þannig ætti Úrvinnslusjóður að leggja höfuðáherslu á að bæta

¹ Viðauki I – Bréf frá Samtökum atvinnulífsins

árangurinn í söfnun bylgjupappírs, fara í auglýsingaherferðir ásamt því að vinna með söfnunaraðilum. Þá telur hann að vegna plastfilmu þurfi að koma til hærri greiðslur frá Úrvinnslusjóði. Af samkeppnisástæðum sé mikilvægt að bylgjupappi og plastfilma frá heimilum njóti sömu greiðslna og þessi efni frá fyrirtækjum gera.

Peter leggur áherslu á að skoða þurfi alla meðhöndlun úrgangs sem eitt og sama verkefnið og ekki aðgreina það eftir mismunandi EB-gerðum. Til dæmis gætu pappambúðir gegnt mikilvægu hlutverki í að ná markmiðum urðunartilskipunar um að draga úr magni lífræns úrgangs sem fer til urðunar. Þá telur Peter að atvinnulífið geti tekið meira frumkvæði í þessum málaflokki og bendir hann á að skortur á áhuga iðnaðarins hér á landi hafi leitt til þess að lagaramminn sé of þröngur og byggi á fortíðinni og lausnum sveitarfélaganna í stað markaðslegrar hugsunar iðnaðarins.

Varðandi leiðir til að ná endurnýtingarmarkmiðum bendir Peter á að mikilvægt sé að gefa innlendum endurvinnsluaðilum tækifæri. Skoða þarf hvar sé þörf fyrir orku á Íslandi og hvar sé hægt að nota úrgang í stað annarra orkugjafa. Ef ekki sé þörf á að nýta orkuna hér á landi þá má að skoða þann möguleika að flytja út orkuríkan úrgang til endurnýtingar. Ef það eru engir möguleikar á að ná endurnýtingarmarkmiðunum ætti að ræða þá stöðu við framkvæmdastjórn EB.

Peter leggur til að áhersla sé lögð á bylgjupappa frá fyrirtækjum á árunum 2006 og 2007. Að hans mati þarf að auka áróður til heimilanna á árunum 2006 og 2007 miðað við þá flokkun sem er í gangi núna á pappa- og pappírsumbúðum. Þá má að teknu tilliti til svæðisáætlana sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs huga að breytingu á flokkun frá heimilum á árunum 2008 og 2009. Peter telur að leggja eigi áherslu á plastfilmu frá iðnaði og landbúnaði á árunum 2006 og 2007 og að á árinu 2006 ætti að undirbúa söfnun á polypropylene (PP) stórsekkjum og síðan á frauðplasti á árunum 2007 og 2008. Hvað varðar söfnun á umbúðum frá heimilum leggur Peter til að prófaðar verði mismunandi söfnunaraðferðir í samvinnu við sveitarfélögin og Endurvinnsluna hf. á árunum 2006 og 2007.

Peter bendir á að mikilvægt sé að þróa gott samband milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga og leggur til að gert verði átak í söfnun á fernum miðað við núverandi kerfi, hrundið verði af stað tilraunaverkefni í a.m.k. 2 sveitarfélögum á árunum 2006 og 2007 og að samvinna verði í nefndum og einnig sérstökum hópum um mismunandi aðferðir. Samvinna við sveitarfélögin ætti að byggjast á kerfum og áætlunum sveitarfélaganna. Einnig telur hann mikilvægt að Úrvinnslusjóður verði sýnilegri og sendi frá sér skýr skilaboð. Að öðru leyti er vísað til samantektar úr gögnum frá Peter sem fylgja með í viðauka.²

5. Málþing um umbúðaúrgang.

Málþing um umbúðaúrgang var haldið 14. nóvember 2005 og var vel sótt. Markmið með málþinginu var að fá fram ólík sjónarmið og vekja athygli á málefninu áður en ákvæði laga um úrvinnslugjald, sem kveða á um álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir, tækju gildi 1. janúar 2006. Móttaka og greiðsla vegna plastfilmu og bylgjupappa hafði þá staðið í nokkra mánuði eða frá 1. apríl 2005. Á þinginu var fjallað um hvert við værum að stefna, hver væri núverandi staða, hvernig hægt væri að ná settum markmiðum um endurnýtingu á umbúðarúrgangi og hver ættu að vera næstu skref í söfnun umbúða. Framsögumenn á þinginu voru fulltrúar þeirra hópa sem hagsmuni hafa af söfnun og endurnýtingu umbúða. Má þar nefna sveitarfélög, bæði starfsmenn og kjörna fulltrúa, fyrirtæki sem standa að söfnun úrgangs, stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera og fyrirtæki í iðnaði og verslun. Þá var fenginn fulltrúi neytenda og einnig fulltrúi almennings. Tveir aðilar komu erlendis frá, ráðgjafi Úrvinnslusjóðs frá Noregi og starfsmaður Neytendastofnunarinnar (Konsumentverket) í Svíþjóð til að lýsa reynslu Svía. Umhverfisráðherra ávarpaði þingið í upphafi.

² Viðauki II – Samantekt úr gögnum Peters Sundt

Í meðfylgjandi viðauka er dagskrá málþingsins,³ og koma þar fram nöfn fyrirlesara og upplýsingar um fyrir hverja þeir voru fulltrúar. Erindin sem flutt voru á málþinginu eru aðgengileg á heimasíðu Úrvinnslusjóðs, http://www.urvinnslusjodur.is/forsida/20051101_malthing_umbudir_fyrirlestrar.htm Fyrirlesarar voru 20 talsins og stóð málþingið frá kl. 10.00 til kl. 16.30. Fundarstjóri var Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður umhverfisnefndar Alþingis.

Fyrirlesarar fengu þrjár spurningarnar til að vinna út frá og svara í erindum sínum. Voru þeir beðnir að svara fyrir þann hóp sem hver og einn var fulltrúi fyrir. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- A. Hvernig náum við markmiðunum?
- B. Hvað má það kosta - peningar og fyrirhöfn?
- C. Hver er framtíðarsýn þín fyrir árið 2020?

Nefndin hefur dregið saman það sem fram kom á málþinginu, bæði frá flytjendum sjálfum og frá gestum í sal og er gerð grein fyrir því hér á eftir. Fyrst er farið í gegnum spurningarnar þrjár og svo fjallað um önnur skilaboð af þinginu.

A. Hvernig náum við markmiðunum?

Margir nefndu að nauðsynlegt væri að byrja á því sem auðveldast og ódýrast væri að safna og endurvinna, þ.e. umbúðir sem falla til í atvinnurekstri. Til að sem bestur árangur náist í söfnun umbúða sem falla til á heimilum þyrfti þjónustan að vera nærri íbúum og staðsetning söfnunaríláta skipti máli. Umbun og samkeppni getur verið árangursrík til að auka og hvetja til söfnunar að margra mati. Virkja má félagasamtök í söfnun, móttöku og flokkun umbúða. Til að ná markmiðum þarf kerfið að vera einfalt og hagkvæmt, einnig skiptir máli að það sé ekki verið að breyta því í sífellu. Lykill að árangri er að auka áhuga og vitund almennings á málaflokknum.

B. Hvað má það kosta - peningar og fyrirhöfn?

Enginn var tilbúinn að segja til um hvað það mætti kosta að uppfylla sett markmið en fólk taldi að hægt væri að fá íbúa til að hafa talsvert fyrir flokkun úrgangs með stöðugri og jákvæðri hvatningu. Fram kom sú skoðun að fjárhagslegur ávinningur almennings leiði til betri flokkunar og skila og það með lægri kostnaði. Einnig kom fram að byggja ætti á því sem er til staðar.

C. Hver er framtíðarsýn þín fyrir árið 2020?

Árið 2020 verður í gangi stöðugur og jákvæður áróður um endurnýtingu og allt sem hægt verður að endurnýta fer í endurnýtingu. Nærþjónusta verður við íbúa, einfalt og hagkvæmt kerfi verður til staðar, metnaður til að gera vel og almenningur mun þekkja sett markmið og þann árangur sem er að nást. Árið 2020 hefur dregið úr myndun úrgangs, úrgangur sem til fellur mun að mestu leyti (yfir 90%) fara í endurnýtingu og tekið verður mið af mengunarbótareglunni (Polluter Pays Principle – PPP-reglunni) við söfnun, endurnýtingu og notkun á úrgangi. Úrvinnslugjald verður við lýði og söfnun og meðhöndlun flokkaðs úrgangs verður kostuð með úrvinnslugjaldi. Greitt verður fyrir blandaðan úrgang með almennu sorphirðugjaldi. Stór sorpbrennsla með orkunýtingu verður á höfuðborgarsvæðinu og endurvinnsla innanlands. Ísland best í heimi!!

Umræður á málþinginu.

- * Landsbyggðin.

Allir eiga að hafa sömu möguleika á þátttöku þó svo að markmiðum verði náð á landsvísu. Margir

³ Viðauki III – Dagskrá málþingsins

komu inn á að landsbyggðin ætti að sitja við sama borð varðandi skil á úrgangi til endurnýtingar en greiðslur Úrvinnslusjóðs fyrir bylgjupappa og plastfilmu eru án flutningsjöfnunar þannig að greiðslurnar standa ekki undir endurnýtingu frá landsbyggðinni.⁴

* Ábyrgð.

Margir töldu að það léki vafi á hver bæri ábyrgðina á að ná tölulegum markmiðum um endurnýtingu úrgangs og að draga úr magni úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs. Fulltrúar á málþinginu töldu nauðsynlegt að skorið verði úr um það hvar mörkin liggi milli Úrvinnslusjóðs og sveitarfélaga. Fram kom það sjónarmið að öll sveitarfélög eigi að geta safnað og komið af sér umbúðum til endurnýtingar án þess að hvert þeirra sé skuldbundið til að safna ákveðnu hlutfalli af því sem þar fellur til.

* Magntölur.

Fram kom gagnrýni á magntölur þar sem nýjustu opinberar tölur frá Íslandi eru byggðar á gögnum frá 2002. Jafnframt kom fram að engin ein aðferð við mat á magntölum telst sú eina rétta og er þetta víðar vandamál en hér á landi.

* Fræðsla.

Greinilega kom fram að skortur væri á fræðslu fyrir almenning og fyrirtæki, jákvæða hvatningu vanti og að sýnt sé fram á að um raunverulega endurnýtingu sé að ræða. Rætt var um að almenn þekking á málaflokknum væri mikilvæg og að máttur fræðslu væri mikill. Stuðla þarf að kynningu og umræðu á jákvæðum nótum.

* Sveigjanleiki.

Vegna þess hve aðstæður eru mismunandi milli sveitarfélaga þarf kerfið að vera sveigjanlegt þannig að sem flestir geti tekið þátt. Bent var á að t.d. minni sveitarfélög geta náð góðum árangri í söfnum á aðgreindum úrgangi með hjálp félagasamtaka.

* Metnaður.

Bent var á að sveitarfélögin þyrftu að hafa metnað fyrir málefninu. Æskilegt væri að þau settu sér eigin markmið um söfnun, endurnýtingu o.fl., gjarnan hærrí en þau markmið sem fram koma í stjórnvaldsákvörðunum. Samkeppni milli sveitarfélaga getur aukið árangur og áhuga á endurnýtingu. Einnig þyrfti atvinnulífið að vera leiðandi og vera á undan stjórnvöldum með markmið og aðgerðir. Fyrirtæki og stofnanir geta sett sér eigin markmið um flokkun og verið þannig leiðandi afl.

* Úrvinnslusjóðskerfið.

Úrvinnslusjóður hefur skapað mörg tækifæri. Kerfi sjóðsins þarf að vera einfalt og auðskilið og þjóna öllu landinu. Einn aðili vildi að greiðslur Úrvinnslusjóðs væru sértækari þannig að greitt væri sérstaklega fyrir söfnun, fyrir flutning og fyrir endurnýtingu.

* Sveitarfélögin.

Gera þarf kostnað við förgun úrgangs sýnilegan til að ávinningur flokkunar sé skýrari.

6. Tilraunaverkefni.

Fyrri nefnd lagði til að Úrvinnslusjóði, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, yrði falið að skilgreina og gera afmarkaðar tilraunir með söfnun umbúða frá heimilum. Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir að síðari nefndin sæi um verkefnastjórn.

Nefndin tók málið upp við Úrvinnslusjóð og Samband íslenskra sveitarfélaga og í framhaldi af því var haldinn fundur þann 16. desember 2005. Til fundarins var boðið söfnunaraðilum um land allt, öðrum en sveitarfélögum, og fulltrúum frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga. Á fundinum var rætt um hugmynd að

⁴ Þegar málþingið var haldið var ekki greidd flutningsjöfnun vegna umbúða skv. skilmálum Úrvinnslusjóðs. Það breyttist með nýjum skilmálum frá 1. mars 2006.

tilraunaverkefni um söfnun umbúða sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga. Fundurinn var haldinn til að fá fram álit söfnunarfyrirtækja á þörf fyrir slíka tilraun og hvaða atriði skipta þá helst máli.

Á fundinum kom fram áhugi á því að vera með ef farið yrði út í slíkt tilraunaverkefni. Jafnframt töldu margir fundarmenn að þetta væri verkefni sem markaðurinn myndi leysa og því ekki nauðsyn á verkefninu eins og það var lagt upp í byrjun. Hins vegar sé spurning hvort meiri þörf sé fyrir tilraunir í dreifbýli þar sem hagkvæmni söfnunar er minni.

Fram kom að íbúar og sveitarfélög vilja flokka úrgang og það sé augljóst að til þess sé ætlast í lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Einnig kom fram að hjá söfnunarfyrirtækjum er þegar hafin söfnun umbúða frá heimilum og frekari aðgerðir eru í undirbúningi. Nauðsynlegt er að reglur um greiðslur Úrvinnslusjóðs séu einfaldar og að tekið sé tillit til flutningskostnaðar frá landsbyggðinni. Þar með muni markaðurinn leysa málið eins og áður hafi komið fram. Varðandi þetta atriði var bent á að tilraunin snérist að miklu leyti um kostnað á móti árangri, þ.e.a.s. hversu mikill kostnaður sé við að ná umbúðunum. Þannig niðurstöður myndu nýtast í skilmála Úrvinnslusjóðs og yrði jafnframt góður upplýsingagrunnur fyrir sveitarfélögin, t.d. hvað varðar magn, fjarlægðir og kostnað. Af hálfu sveitarfélaganna var áréttað að bæði tilraunaverkefni og framkvæmd söfnunar að öðru leyti verði alltaf á forræði viðkomandi sveitarfélags. Fram kom að ýmsar upplýsingar sem ætlunin var að fá út úr tilraunaverkefninu væru tiltæknar, það væri þekkt hvaða árangurs mætti vænta með mismunandi leiðum, það þyrfti bara að nálgast þessar upplýsingar.

Bent var á að það skapi vandamál að sveitarfélögin innheimti ekki raunkostnað við alla meðhöndlun úrgangs. Kostnaðurinn verði að vera sýnilegur þannig að hægt sé að sýna fram á sparnað á móti kostnaði þegar úrgangi er komið til endurnýtingar í stað endanlegrar förgunar. Fram kom að víða erlendis er lagður sérstakur skattur á urðun meðal annars til að ýta undir endurvinnslu.

Einnig var rætt um flutninga á úrgangi af landsbyggðinni. Sem stendur eru t.d. ekki skipaflutningar til eða frá Akureyri sem og fleiri höfnum um landið, sem gerir það að verkum að kostnaður við að senda úrgang til endurvinnslu erlendis, gegnum höfn í Reykjavík, er mjög hár. Menn töldu nauðsynlegt að tryggja að landsbyggðin sitji við sama borð og höfuðborgarsvæðið hvað varðar skilmála Úrvinnslusjóðs og komið sé til móts við landsbyggðina hvað varðar flutningskostnað.

Það kom skýrt fram hjá fundarmönnum að þeir töldu helst þörf á tilraun eða stuðningi á dreifbýlli svæðum. Einnig voru fundarmenn almennt sammála um mikilvægi þess að fara ekki af stað með eitthvert kerfi nema að vandlega athuguðu máli þar sem það er afar neikvætt og viðkvæmt að hringla með reglur sem almenningur þarf að fara eftir.

Eftir fundinn var nefndin ekki jafn sannfærð um að rétt væri að fara út í tilraunaverkefni um söfnun umbúða frá heimilum, bæði vegna þess að svo virðist sem að á þéttbýlli stöðum muni markaðurinn leysa þetta sjálfur og einnig að einstaka söfnunaraðilar væru tregir til að taka þátt í verkefni og láta frá sér „viðskiptaupplýsingar“ án tryggingar um að þeir væru með í framhaldinu. Að auki var ljóst að erfitt yrði að ná svo viðamikilli framkvæmd á starfstíma nefndarinnar. Fallið var frá tillögu fyrri nefndar um tilraunaverkefni.

Nefndin ræddi aðra tilhögun á tilraunaverkefninu. Þannig yrði verkefnið ekki tilraun heldur gerð upplýsingabrunns með aðgengilegum gögnum og reiknilíkani fyrir söfnun á pappa- og plastumbúðum frá heimilum. Hugmyndin var að vinna forvinnu tilraunaverkefnis. Þar yrðu teknar saman upplýsingar um hvaða leiðir hafa verið reyndar við söfnun á heimilisúrgangi. Safnað yrði upplýsingum um reynslu hér á landi og erlendis, um kostnað og árangur sem vænta má með mismunandi leiðum. Kostnaðarreikningar

yrðu gerðir með ákveðin dæmi í huga og áhersla væri á að finna allar lykilstærðir sem máli skipta. Verkefnið er hugsað sem stuðningur við skipulag söfnunar víða um land. Kostnaðarreikningar og lykiltölur gætu nýst við undirbúning fyrir framkvæmd söfnunar. Með þessum hætti væri mögulegt að fá grunnupplýsingar við áætlanagerð sveitarfélaga vegna úrgangs.

7. Skilagjaldskerfið.

Endurvinnslan hf. tekur við einnota drykkjarumbúðum til að endurvinna þær og greiðir skilagjald fyrir þær umbúðir sem er skilað til fyrirtækisins. Frá því Endurvinnslan hf. hóf störf árið 1989 hefur náðst góður árangur í söfnun einnota umbúða og nú er svo komið að yfir 80% af skilagjaldskyldum umbúðum berast aftur til Endurvinnslunnar. Þegar búið er að safna umbúðunum saman og forvinna þær hjá Endurvinnslunni, eru allar umbúðirnar nýtanlegar, annað hvort hérlandis eða erlendis og verðmæti þeirra geta verið umtalsverð. Í ákvæði I til bráðabirgða í lögum um úrvinnslugjald er kveðið á um að eigi síðar en 1. janúar 2008 renni skilagjaldskerfið inn í úrvinnslugjaldskerfið og að frá sama tíma falli úr gildi lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Ljóst er að breytingar verða á kerfinu þó að skilagjaldið komi til með að halda sér.

Nokkuð hefur verið rætt um samkeppnissjónarmið hvað varðar mismunandi kerfi og ber að gæta vel að því. Nefndin telur mikilvægt að samskonar umbúðir falli undir sama kerfi, t.d. það á að vera sama hvort það sé gosdrykkur eða safi í polyethylene terephthalate (PET) flösku. Skilagjaldið sé lagt á PET flöskuna, umbúðirnar, en ekki innihaldið. Sama á við um mjólk eða safa í Tetra Pak fernu sem ber úrvinnslugjald. Það er svo framleiðanda að velja hvort hann setji sína vöru í PET flösku, Tetra Pak fernu eða einhverja aðra tegund af umbúðum.

Varðandi skilagjaldskerfið var tillaga í skýrslu fyrri nefndar frá því í júní 2005 þrípætt:

- ◆ Að skýra skilin milli úrvinnslugjaldskerfisins og skilagjaldskerfisins.
- ◆ Að skoða hvort vænlegt sé að setja skilagjald á fleiri umbúðir og hefja greiðslu skilagjalds af viðkomandi umbúðum 1. júlí 2006.
- ◆ Að meta árangur greiðslu skilagjalds af nýjum umbúðum um mitt ár 2008.

Ráðherra taldi rétt að þetta mál fengi nánari athugun og með bréfi, dags. 15. ágúst 2005, var óskað eftir því að Endurvinnslan hf. og Úrvinnslusjóður færu yfir framangreindar tillögur og myndu meta hvort rétt væri að setja skilagjald á fleiri tegundir umbúða en nú er og gera tillögu að upphæð skilagjalds og fyrirkomulagi. Í bréfi frá Endurvinnslunni hf., dags. 14. desember 2005, um þetta mál segir m.a.: „Þegar úrvinnslugjaldskerfið og skilagjaldskerfið eru borin saman þá sést hve árangurinn er miklu meiri og skjótvirkari í skilagjaldskerfinu. Reynslan hefur sýnt, bæði hér á landi og á Norðurlöndunum að skilagjald er áhrifamesta aðferðin við söfnun umbúða til endurvinnslu. Til að fá fólk til þátttöku í söfnun er grundvallaratriði að það sjálft hafi af því beinan hag.“ Það er mat Endurvinnslunnar hf. að allar drykkjarvöruumbúðir skuli bera skilagjald. Mjólkurvörur í plastumbúðum eru samkeppnisvörur við þá drykki sem í dag bera skilagjald, sama á við smærri Tetra Pak umbúðir undir tilbúna ávaxtasafa og ýmsar mjólkurvörur. Í bréfi frá Úrvinnslusjóði frá 15. desember 2005 kemur fram að núverandi skilagjaldskerfi hefur náð góðum árangri. Vegna fjölbreytileika drykkjarvöruumbúða á almenningur erfitt að greina á milli hvaða umbúðir bera skilagjald og hverjar ekki. Því væri einfaldast að leggja einnig skilagjald á þessar umbúðir. „Endurvinnslan þarf þá að skilgreina hverjar umbúðir er um að ræða og síðan væri unnt að breyta lögum og/eða reglugerð og bæta þessum umbúðum við sem skilagjaldsskyldum. Varðandi aðrar drykkjarvöruumbúðir þarf að gæta þess að fleiri sjónarmið eru uppi.“ Hér er Úrvinnslusjóður m.a. að vísa til samkeppnissjónarmiða og kerfa sem komin eru á eftir útboð og nokkurra ára samning við verktaka um söfnun. Fram kemur að sjónarmið Úrvinnslusjóðs eru einkum að ná árangri við

endurnýtingu úrgangs. Í lokin segir í bréfinu „Umræður um þessi mál standa nú yfir í öðrum löndum t.d. Noregi og rétt er að fylgjast með þróun mála þar. Þar virðast samkeppnismál vega þungt.“

Í bréfi Samtaka atvinnulífsins sem fjallað er um í 2. lið hér að framan kemur fram að samtökin styðja það að skilagjald á drykkjarvöruumbúðir verði endurskoðað með tilliti til breyttra markaðsaðstæðna.

8. Kynning og fræðsla.

Fyrri nefnd lagði áherslu á kynningar og fræðslu varðandi söfnun og skil á umbúðaúrgangi í tillögum sínum. Á málþingi um umbúðaúrgang, á fundi nefndarinnar með fulltrúum söfnunarfyrirtækja og sveitarfélaga og í máli Peter Sundt kom ítrekað fram mikilvægi þess að kynning og almenn fræðsla yrði eflað. Til að efla söfnun á umbúðum mætti hugsa sér að koma á samkeppni milli sveitarfélaga, hafa uppákomur og fræðslu á söfnunarstöðvum, vera með happdrætti þannig að viðkomandi skrifar nafn sitt t.d. á fernu og ef hún er dregin út þá fær sá hinn sami vinning og einnig má, í samvinnu við verslun og iðnað, setja jákvæð skilaboð um úrvinnslu umbúða á umbúðir, s.s. fernur, burðarpoka eða ruslapoka. Þannig getur verið um að ræða landsátak eða staðbundnar aðgerðir sem geta falist í auglýsingum, tímabundnum áróðri eða varanlegu fræðslu- og upplýsingaefni. Úrvinnslusjóður, í samvinnu við aðra aðila, hefur lagt áherslu á kynningarmál varðandi álagningu úrvinnslugjalds á pappa- og plastumbúðir. Þessi kynning hefur tekist vel til og þeir aðilar sem þurfa að greiða þetta gjald eru meðvitaðir um eðli þess og tilgang. Betur má ef duga skal. Sömu upplýsingar hafa ekki skilað sér til úrgangshafa og virðist þeir ekki þekkja nógu vel til málsins þegar þeir skila pappa- og plastumbúðum til söfnunarstöðva. Fram hefur komið að ekki er skýrt hvort Úrvinnslusjóður hafi hlutverki að gegna í almenningsfræðslu varðandi úrvinnslu úrgangs sem til er kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald. Nefndin telur mikilvægt að hefja fræðslu sem fyrst og koma almennri fræðslu inn í skólakerfið, sérstaklega leikskóla og grunnskóla. Þetta á við um að draga úr notkun umbúða, efnisval umbúða, að neytendur eigi sjálfir val, svo og hvaða umbúðir henti til endurnotkunar og endurnýtingar og almenna úrvinnslu umbúða. Að sjálfsögðu þarf að samþætta þetta við fræðslu um meðhöndlun úrgangs almennt. Hugsanlega má fela Umhverfisfræðsluráði að fjalla um þessi mál. Nefndin telur mikilvægt að fræðsla um úrgangsmál og „umhverfissuppeldi“ verði eflað á tveimur fyrstu skólastigum eins og fram hefur komið. Því þyrfti að stuðla að því að þessu verði komið markvisst inn í námsskrá og námsefni. Hér gegnir menntamálaráðuneytið mikilvægu hlutverki.

9. Tillögur.

Í ljósi framangreinds gerir nefndin eftirfarandi tillögur:

1. Pappa- og pappírsumbúðir:

Byggt verði á núverandi söfnunarkerfi fyrir fernur og fleiri pappa- og pappírsumbúðum bætt við.

2. Drykkjarvöruumbúðir úr plasti:

Skilagjaldskerfi verði endurskoðað m.t.t. plastumbúða þar sem skoðað verði að taka inn aðrar plastumbúðir sem bæst hafa við eftir að skilagjaldskerfið var sett á. Þetta getur bæði átt við um PET umbúðir og aðrar tegundir plasts.

3. Bylgjupappi:

Byggt verði á núverandi kerfi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga og stefnt verði að meiri söfnun frá heimilum.

4. Tilraunaverkefni:

Lagt er til að Úrvinnslusjóður, í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila, vinni skýrslu um aðgengileg gögn og geri reiknilíkan fyrir söfnun á pappa- og plastúrgangi frá heimilum. Reiknilíkanið skal þjóna sveitarfélögum sem upplýsingabrunnur og innihaldi ýmsar upplýsingar

um magntölur, aðferðir, vegalengdir og kostnað. Jafnframt er lagt til að gerðar verði tilraunir í völdum sveitarfélögum á landsbyggðinni á árunum 2007 og 2008.

5. Árangursmat:

Metin verði söfnun pappa- og plastumbúða frá heimilum. Úrvinnslusjóður fari yfir árangur í lok árs 2008 og skili skýrslu til ráðherra.

6. Fræðsla og kynning:

- a) *Fræðsla og uppeldi í skólum:* Nefndin leggur til að umhverfisráðuneytið beini því til menntamálaráðuneytisins að unnið verði í námsskrá og námsefni í samvinnu við umhverfisráðuneytið þannig að fræðsla um úrgangsmál og „umhverfissupplendi“ á fyrstu tveimur skólastigum verði efld.
- b) *Kynning fyrir almenning:*
 - i. Hlutverk Umhverfisfræðsluráðs: Lagt er til að Umhverfisfræðsluráði verði falið að fjalla um fræðslu og kynningu vegna úrgangsmála og gera tillögu um hvernig aðkoma ráðsins geti verið til að upplýsa og fræða kennara, almenning og atvinnulíf.
 - ii. Hlutverk Úrvinnslusjóðs: Lagt er til að Úrvinnslusjóður komi meira að kynningu og skoðað verði hvort tryggja þurfi lagastoð til að skýra fræðslu- og kynningarhlutverk sjóðsins. Jafnframt er lagt til að heimasíða sjóðsins verði sett þannig upp að hún höfði meira til almennings en ekki eingöngu til viðskiptavina hans, þannig að Úrvinnslusjóður verði sýnilegri þegar vara sem lagt hefur verið á úrvinnslugjald er orðin að úrgangi.
 - iii. Hlutverk Umhverfisstofnunar: Lagt er til að því verði beint til Umhverfisstofnunar að auka fræðslu til almennings um umbúðir og umbúðarúrgang og tengja það almennri fræðslu um úrgang. Þetta á við um að draga úr notkun umbúða, efnisval umbúða, að neytendur eigi sjálfir val, svo og hvaða úrgangur hentar til endurnotkunar og endurnýtingar og almenna úrvinnslu úrgangs. Jafnframt verði því beint til stofnunarinnar að kynna merkingar á umbúðum úr pappa og plasti, fyrir hvað þær standa og hvernig þær líta út.⁵
 - iv. Hlutverk atvinnulífs: Lagt er til að ýmis samtök atvinnulífsins hvetji framleiðendur og innflytjendur til að stuðla að lágmörkun umbúðanotkunar og til að vekja viðskiptavinum sína til vitundar um mikilvægi minni umbúðanotkunar í þágu umhverfisverndar.
 - v. Hlutverk sveitarfélaga: Sveitarfélög verði hvött til að upplýsa íbúa um flokkun, söfnun og aðra úrvinnslu úrgangs sem í boði er á þjónustusvæði sveitarfélagsins.

7. Innkaupastefna ríkis og sveitarfélaga:

Umhverfisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti beiti sér fyrir því að innkaupareglur hins opinbera verði þannig úr garði gerðar að vistvæn innkaup, þar sem tekið er tillit til umbúðamagns og efnisvals umbúða, verði höfð að leiðarljósi við innkaup ríkisins og að við val tilboða sé þetta haft að leiðarljósi. Því verði beint til sveitarfélaganna að hliðstæðar innkaupareglur verði settar hjá þeim.⁶

⁵ Ekki er fjallað um merkingar umbúða í skýrslunni en ýtarleg umfjöllun um merkingar pappa og plastics er í fyrri skýrslu.

⁶ Í skýrslunni er ekki umfjöllun um þessa tillögu.

Viðauki I

Bréf frá Samtökum atvinnulífsins.



Umhverfisstofa
Sigurður Á. Þráinsson
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. september 2005

Varðar: Skýrsla um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaganna.

Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að skýra afstöðu sína og koma með ábendingar við skýrslu um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaganna.

Skýrslan gefur gott yfirlit yfir stöðu mála og margt gagnlegra upplýsinga koma þar fram. Yfirlit yfir mögulegar endurvinnsluleiðir er nauðsynlegt því flokkun úrgangs hlýtur alltaf að taka mið af þeim endurvinnslumöguleikum sem fyrir hendi eru. Einnig er fróðlegt að skoða niðurstöður vistferilgreiningarinnar og áhugavert er að nýta slíkar niðurstöður. Þessi gögn munu án efa nýtast vel í áframhaldandi vinnu í þessum málaflokki. Árétta má einnig að mikilvægt er að tölur um magn úrgangs séu réttar.

Söfnun heimilisúrgangs er á ábyrgð sveitarfélaga og hefur svo verið um langt skeið. Fyrir nokkrum árum kom Úrvinnslusjóður til og hans hlutverk er að koma með fjárhagslegan hvata til að beina endurvinnslu úrgangs í hagkvæman farveg. Ábyrgð söfnunar heimilisúrgangs er eftir sem áður hjá sveitarfélögunum. Tilgangurinn með álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir er að uppfylla markmið um endurnýtingu og endurvinnslu sem fram koma í reglugerð 609/1996. Samtökin telja að rétt sé að gera það á sem hagkvæmastan hátt og að beina kröftunum í að ná í þær umbúðir sem auðveldast er að ná til. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er ætlunin að ná öllum umbúðaúrgangi til endurnýtingar/endurvinnslu. Þær leiðir sem valdar eru hljóta að taka mið af þessu. Eins er mikilvægt að hafa í huga að þær leiðir sem hagkvæmar kunna að vera í fjölmennari og þéttbýlli nágrannalöndum eiga ekki alltaf við hér á landi og hagkvæmnin kann að vera allt önnur þar en hér. Því er varhugavert að taka að óathuguðu máli upp þær aðferðir og reglur sem þar gilda.

Í skýrslunni eru nokkrar tillögur um aðgerðir af hálfu sveitarfélaga og virðast sumar liggja beint við, s.s. að safna fleiri pappírsumbúðum samhliða drykkjarvörufernum nú þegar úrvinnslugjald er komið á þær umbúðir sem geta farið í sama endurnýtingarferli. Á þann hátt eru nýttar þær leiðir sem nú þegar eru til staðar.

Skilagjald er kostnaðarsöm leið og veltur sá kostnaður yfir í vöruverð. Samtökin líta svo á að skilagjald sé leið sem grípa megi til þegar stefnt er að því að ná nær öllu því sem til fellur af tilteknum úrgangi út úr almennum úrgangsstraumum eða ef aðrar leiðir hafa verið reyndar án fullnægjandi árangurs. Samtökin telja ekki tímabært að víkka það kerfi umtalsvert að svo stöddu. Þó er tekið undir það að laga

mætti núverandi skilagjaldskerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir að breyttum markaðsaðstæðum.

Í skýrslunni er minnst á framleiðendaábyrgð. Þau dæmi sem nefnd eru í skýrslunni um útfærslur á framleiðendaábyrgð, þ.e. að neytandi skilji umbúðir eftir í verslunum eða skili umbúðum til söluaðila, eru ekki sannfærandi leiðir til að auka söfnun. Ólíklegt er að neytendur fari frekar með umbúðir beint til söluaðila en í vel staðsetta söfnunargáma, enda komin hefð á afhendingu í söfnunargáma. Helsta breytingin með slíku fyrirkomulagi er að söluaðilinn sér um umsýslu við gáma í stað sveitarfélagsins. Það er að auki óljóst hvernig framleiðendaábyrgð yrði flutt yfir á þriðja aðila, þ.e.a.s. smásalann og hvort sú stétt tækist slíkt á hendur jafnvel þótt greiðsla kæmi fyrir. Benda má á í þessu sambandi að mjög dýr verslunaraðstaða er til flestra hluta hentugri en uppsöfnunar úrgangs. Lagst er gegn því að hér á landi verði gengið lengra í þessum efnum en alþjóðlegar skuldbindingar okkar gera kröfu til.


Samtök atvinnulífsins hafa tilnefnt fulltrúa sinn í nefndina sem vinnur áfram með þessa skýrslu og munu koma frekari athugasemdum á framfæri þar, eftir því sem tilefni er til.



Samtök atvinnulífsins



Samtök iðnaðarins


SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu

Viðauki II

SAMANTEKT NEFNDARINNAR ÚR FYRIRLESTRUM, TILLÖGUM OG GÖGNUM FRÁ PETER SUNDT

Peter Sundt, ráðgjafi frá Mepex Consult AS í Noregi, dvaldi hér á landi 2½ dag í viku 29 og í 3 daga í viku 46 á síðasta ári, í tengslum við málþing um umbúðaúrgang. Hann átti samtöl við fjölda fólks sem starfar á sviði úrgangsmála hér á landi og kynnti sér aðstæður. Á málþinginu flutti hann 2 fyrirlestra. Eftir síðari heimsóknina sendi hann Úrvinnslusjóði minnisblað yfir helstu atriði sem hann taldi mikilvæg fyrir starf sjóðsins og framgang mála varðandi tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang. Í þessari samantekt er stuðst við framangreint minnisblað, fyrirlestra Peters og samræður sem nefndarmenn áttu við Peter.

1) **Ísland miðað við önnur lönd.**

Sérstaða landsins er að hér er næg orka og heitt vatn ásamt miklu landrými og fersku vatni. Ísland er stutt á veg komið í endurnýtingu miðað við nágrannaþjóðirnar. Markmið varðandi endurnýtingu hér á landi eru í samræmi við þau markmið sem fram koma í gerðum Evrópubandalagsins (EB) en með mögulegum 3ja ára lengri aðlögunartíma. Sumar Norðurlandaþjóðir hafa sett sér endurnýtingarmarkmið umfram það sem fram kemur í EB-gerðum.

Hér á landi er ekki hægt að taka allar lausnir annarra þjóða beint upp vegna sérstöðu Íslands. Þessi sérstaða felst m.a. í því að á flestum stöðum hér á landi er góður aðgangur að ódýrri orku þannig að ekki er þörf á að nýta úrgang til orkunýtingar og því eru sorpbrennslustöðvar fáar og smáar. Landið er landfræðilega stórt og dreifbýlt þannig að vegalengdir eru oft miklar. Þjóðin er fámenn og því er magn úrgangs, sem til fellur, oft of lítið til að setja upp endurvinnslu.

2) **Hvað er gert í dag?**

- * Úrvinnslusjóður; úrvinnslugjald á plast- og pappaumbúðir, nema einnota drykkjarvöruumbúðir
- * Endurvinnslan hf.; skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir

3) **Hvaða tæki höfum við?**

- * Úrvinnslugjald
- * Skilagjald
- * Sorphirðugjöld
- * Framleiðendabyrgð
- * Bann eða takmörkun við urðun
- * Skattar á urðun og jafnvel á brennslu

4) **Nokkrir endurnýtingarmöguleikar á Íslandi:**

- * Brennsla sem kolefnisgjafi
- * Jarðgerð
- * Vinnsla metangass
- * Tæting á bylgjupappa og dagblöðum fyrir hesthús
- * Endurvinnsla á plasti (Lækur, fyrirtæki í plastiðnaði)

- * Brennsla með orkunýtingu
- * Útflutningur til endurnýtingar (endurvinnsla eða orkuvinnsla)

5) **Að ná markmiðunum**

Æskilegt væri að setja sérstök undirmarkmið fyrir bylgjupappa, plastfilmu og heyrúlluplast fyrir árið 2006 og jafnvel árin 2007 og 2008.

Árið 2006 ætti að vera ár bylgjupappans. Hann er auðveldur í söfnun og það fellur til mikið af honum. Úrvinnslusjóður ætti að leggja höfuðáherslu á að bæta árangurinn þar. Fara ætti í auglýsingaherferðir af ýmsu tagi ásamt því að vinna með söfnunaraðilum (fyrirtækjum og sveitarfélögum) sem þekkja úrgangshafana og vita hvað þarf til. Slíkar aðgerðir gætu verið:

- Ræsifundir til að hrinda verkefnum af stað
- Fyrirlestrar fyrir úrgangshafa
- Einfaldir bæklingar
- Límmiðar
- Árangurssögur í fjölmiðlum
- Málþing/fundir fyrir stórar fyrirtækjakeðjur og samtök

Greiðslur fyrir bylgjupappa virðast vera nægjanlegar en vegna plastfilmu þyrfti líklega einhver frekari stuðningur að koma til. Það er sannarlega mun flóknara að safna einu tonni af plasti heldur en einu tonni af bylgjupappa, flokka það og bagga. Það er ljóst að á fjarlægari svæðum er þörf fyrir hærri greiðslur vegna flutnings til útflutningshafnar. Slíkar aukagreiðslur gætu hins vegar leitt til óhagkvæmra heildarlausna ásamt skrifræði og vandamálum við umsjón og eftirlit.

Af samkeppnisástæðum er mikilvægt að bylgjupappi og plastfilma frá heimilum njóti sömu greiðslna og frá fyrirtækjum. Það er líka í takt við þá stefnu að taka eitt skref í einu og byrja á fyrirtækjum.

Urðunartilskipunin er mikilvægur þáttur í skilvirku kerfi fyrir umbúðir. Það þarf að horfa á allar úrgangsgerðir í samhengi, þ.e.a.s. þetta er eitt og sama verkefnið.

* Pappírs- og pappaubúðir

- ~ Leggja áherslu á bylgjupappa frá fyrirtækjum árin 2006 og 2007.
- ~ Auka áróður til heimilanna árin 2006 og 2007, m.v. þá flokkun sem er í gangi núna.
- ~ Að teknu tilliti til svæðisáætlana sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs má hugsa sér að breyta flokkun frá heimilum á árunum 2008 og 2009.
- ~ Greiðslur Úrvinnslusjóðs þurfa að styðja flokk blandaðs umbúðapappa- og pappírs sem þarf að flokka nánar erlendis.

* Plastumbúðir

- ~ Leggja áherslu á filmu frá iðnaði og landbúnaði árin 2006 og 2007
- ~ Á árinu 2006 ætti að undirbúa söfnun á polypropylene (PP) stórsekkjum og síðan frauðplasti 2007-2008.
- ~ Athuga þarf hvort umbúðir utan af spilliefnum séu taldar með í árangurstöllum.
- ~ Hvarð varðar umbúðir frá heimilum þarf að prófa mismunandi söfnunaraðferðir í samvinnu við sveitarfélög og Endurvinnsluna hf. á árunum 2006 og 2007.
- ~ Vinna að mismunandi lausnum í flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu árin 2006 og 2007.

- ~ Bæta upplýsingar um magn og skýrslugerð á árinu 2006, í samvinnu við önnur EPRO lönd. (EPRO - European Association of Plastics Recycling and Recovery Organisations) Aðild að EPRO eiga stofnanir og félög í Bretlandi, Belgíu, Frakklandi, Finnlandi, Þýskalandi, Íslandi, Ítalíu, Noregi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð og Sviss.
- ~ Meta þarf öll kerfi og árangur í árslok 2007 og uppfæra áætlun fyrir árin 2008-2011.

6) **Leiðir**

Endurnýtingarmarkmið

- ~ Gefa innlendum endurvinnsluaðilum tækifæri.
- ~ Orkuvinnsla ætti að byggja á þörf fyrir orkuna.
 - Hvar er þörf fyrir orku á Íslandi?
 - Er orka úr úrgangi besti kosturinn?
 - Hvar er hægt að nota úrgang í stað kola? (Sementsverksmiðja, Járblendiverksmiðjan)
- ~ Ef ekki er þörf fyrir orkuna á Íslandi eru aðrir möguleikar svo sem að
 - Flytja út orkuríkan úrgang til orkuvinnslu
 - Flytja út meira af umbúðum í endurvinnslu
 - Flytja út blandaðan plastflokk í efna-endurvinnslu (feedstock recycling)
- ~ Ef það eru litlir möguleikar á að ná endurnýtingarmarkmiðunum á raunhæfan hátt ætti að ræða þá stöðu við framkvæmdastjórn EB.

7) **Hlutverk einstakra aðila**

Það lítur út fyrir að lítill áhugi iðnaðarins hér á landi hafi leitt til þess að lagaramminn sé of þröngur og byggji á lausnum sveitarfélaganna í dag eða jafnvel í fortíðinni í stað markaðslegrar hugsunar iðnaðarins.

Tillögur Peters Sundt

- * Magntölum ætti að skipta upp í mismunandi flokka og markaði. Mismunandi flokkar umbúða/efna og frá hvaða markaði þær koma. Magntölurnar ættu að vera mikilvægt tæki fyrir ákvarðanatökur um aðferðir í söfnun.
- * Úrvinnslusjóður ætti að vera ábyrgur fyrir magntölum umbúða en hlutverk Umhverfisstofnunar (UST) ætti að vera eftirlit með gæðum og áreiðanleika niðurstaðna.
- * Sveitarfélögin eru mikilvægir samstarfsaðilar fyrir Úrvinnslusjóð þótt þau verði ekki í stóru hlutverki hvað umbúðaúrgang varðar á næstunni vegna stefnunnar um að ná fyrirtækjaúrgangi fyrst. Samt er áriðandi að þróa gott samband við sveitarfélögin. Það er hægt að gera á eftirfarandi hátt:
 - ~ Herferðir um söfnun á fernum m.v. núverandi kerfi.
 - ~ Tilraunaverkefni í a.m.k. 2 sveitarfélögum á árunum 2006-2007, með mismunandi aðferðum við söfnun. Tilraunaverkefni ætti að standa yfir í 1½ ár, undirbúningur og mat innifalið.
 - ~ Samvinna í nefndum og einnig sérstökum hópum um mismunandi aðferðir söfnunar.
 - ~ Samvinnan við sveitarfélögin ætti að byggjast á kerfum og áætlunum sveitarfélaganna. Svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs ættu að vera samþykktar af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum áður en tilraunaverkefni eru skilgreind.
- * Úrvinnslusjóður ætti að vera sýnilegri og senda frá sér skýr skilaboð. Til dæmis með því að:
 - ~ Fylgja eftir málþingi með því að senda þátttakendum bréf með upplýsingum um hlutverk sjóðsins og næstu skref sem tekin verða
 - ~ Miðla til hagsmunaaðila áætlanir ársins 2006 ásamt niðurstöðum ársins 2005

- ~ Miðla upplýsingum um góð dæmi/fyrirmyndir og árangur fyrir þessa 3 vöruflokka
- ~ Vinna með öðrum og tryggja sambönd. Standa fyrir ræsiaðgerðum, málstofum og fundum.

Samantekt

- * Ráðuneytið býr til almennar reglur og setur markmiðin.
- * UST fylgir því eftir og hefur eftirlit með kerfum, magntölum og skýrslum.
- * Úrvinnslusjóður örvar markaðinn til að ná markmiðunum. Sjóðurinn gerir samkomulag við aðila á markaði og veitir fjárhagslegan stuðning. Úrvinnslusjóður veitir einnig stuðning með samkeppnum og áróðri. Úrvinnslusjóður þróar aðferðir og gefur UST skýrslur um magntölur og árangur.
- * Sveitarfélögin vinna svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs með markmiðum og fylgja þeim eftir með bættum lausnum og áróðri.
- * Fyrirtæki veita þjónustu við söfnun, flokkun, flutning, útflutning, urðun, endurnýtingu og jarðgerð.
- * Heimili og fyrirtæki fá örvun til að taka þátt í og til að nota kerfi Úrvinnslusjóðs.

Viðauki III - Dagskrá málþings.

Málþing um umbúðaúrgang frá heimilum haldið á Grand hótél

14. nóvember 2005 kl. 10.00 til 16.30

Fundarstjóri Guðlaugur Þór Þórðarson

Málþing haldið á vegum nefndar umhverfissráðuneytisins um framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga, í samstarfi við umhverfissráðuneytið og Úrvinnslusjóð.

10.00 **Guðmundur G. Þórarinnsson**, formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs, setur málþingið.

Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfissráðherra, ávarpar þingið.

HVERT STEFNUM VIÐ?

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfissráðuneyti.

HVER ER STAÐAN Í DAG?

10.30 **Davíð Egilson**, forstjóri Umhverfisstofnunar.

Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs.

Eiríkur Hannesson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar hf.

Peter Sundt, ráðgjafi frá Mepex Consult AS, í Noregi.

HVERNIG NÁUM VIÐ MARKMIÐUNUM?

HVER EIGA NÆSTU SKREF Í SÖFNUN UMBÚÐA FRÁ HEIMILUM AÐ VERA?

SÖFNUN UMBÚÐA

11.30 **Jörgen Þór Þráinsson**, markaðsstjóri Íslenska Gámafélagsins ehf.

Elías Ólafsson, stjórnarformaður Gámaþjónustunnar hf.

Gunnar Bragason, framkvæmdastjóri Sagaplast ehf.

MATARHLÉ

Sérstök skráning í matinn. Réttur dagsins kostar 1.900 kr. m/súpu og kaffi.

SÖFNUN UMBÚÐA

12.45 **Anna Björk Hjaltadóttir**, umhverfisfulltrúi og framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Héraðs.

Steinunn Guðnadóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri Skrifstofu neyslu- og úrgangsmála hjá Reykjavíkurborg.

Guðmundur G. Gunnarsson, bæjarstjóri á Álftanesi.

HUGVEKJA FRÁ LEIKMANNI

13.30 **Hörður Bergmann**. Kennari og rithöfundur.

SJÓNARMIÐ NEYTENDA

13.40 **Bryndís Þórisdóttir**, verkefnisstjóri Vistverndar í verki.

Hólmfríður Sveinsdóttir, stjórnarmaður í Neytendasamtökunum.

Johan Jareman frá Konsumentverket í Svíþjóð.

FRAMLEIÐENDUR OG VERSLUN

14.20 **Guðlaugur Björgvinsson**, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hjá MS svf.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna.

Arnar Hallsson, verkefnisstjóri hjá Högum hf.

KAFFIHLÉ

TILLÖGUR OG HUGMYNDIR

15.00 **Peter Sundt**, ráðgjafi frá Mepex Consult AS í Noregi.

15.30 UMRÆÐUR